

Á-saga

_____ var að leika sér úti við stóran stein, sem var kallaður álfasteinninn, þegar hann heyrði allt í einu að einhver var að gráta.

Fyrst vissi hann ekki hvaðan hljóðið kom, en þegar hann gáði bak við steininn sá hann að þetta var lítill stelpa. Hún var í skringilegum fötum, og hann tók líka eftir því, að eyrun á henni voru mjó að ofan. Að hugsa sér! Þetta var greinilega álfastelpa!

"Hvað er að?" spurði _____ stelpuna.

"Úhúú," sagði hún. "Pabbi og mamma og allir hinir álfarnir eru horfnir og ég veit ekki hvernig ég á að finna þau aftur!"

_____ hugsaði sig um. Honum datt strax í hug hvað gæti hafa komið fyrir álfana. "Rétt áður en þau hurfu, sástu þá galdrakarlflyjúgandi á kústskafti uppi í loftinu?" spurði hann stelpuna.

"Já, hvernig vissirðu það?" svaraði hún hissa.

"Hann er alltaf að hrekkja okkur krakkana í leikskólanum," sagði _____.
"Við verðum að fara til hans og frelsa álfana. Við skulum flýta okkur!"

Og svo löbðu þau af stað. Þau töluðu saman á leiðinni, og _____ komst að því að stelpa hét Álfdísi, og að hún og foreldrar hennar bjuggu inni í álfasteininum.

Þegar þau voru búin að ganga lengi komu þau að skógarlund. Inni í skógarlundinum sáu þau lítið, fallett eplatré. Á trénu var eitt rautt epli. Þau voru bæði orðin svöng, svo þau fóru að trénu, tóku eplið, og skiptu því á milli sín. En um leið og þau voru bæði búin að taka fyrsta bitann heyrðist allt í einu hár hvellur, og tréð breyttist í fallega prinsessu!

"Þakka ykkur kærlega fyrir," sagði prinsessan. "Ég hef verið í álögum í hundrað ár, og vondi galdrakarlinn sem lagði þau á mig, mælti svo um, að ég myndi aldrei losna úr þeim nema álfabarn og mannsbarn borðuðu saman af mér ávöxt. Og það er einmitt það sem þið gerðuð! Nú vil ég launa ykkur. Því miður á ég ekkert nema þennan gamla töfrapoka. Ég vona að þið getið notað hann."

_____ og Álfdísi þökkðu fyrir pokann (þótt þau vissu ekki alveg til hvers þau gætu notað hann) og héldu áfram för sinni. Innan skamms voru þau komin að kastala galdrakarlsins.

"Núna ætla ég að gera mig ósýnilega," sagði Álfdísi. Þú skalt tala við galdrakarlinn, og svo er ég tilbúin að hjálpa til ef hann skyldi verða hættulegur." Og allt í einu sá _____ hana ekki lengur.

Hann herti upp hugann og bankaði á dyrnar. Galdrakarlinn kom út og hvæsti út úr sér: "Hvað vilt þú, ormurinn þinn?" Hann sá greinilega ekki Álfdísi!

"Við... ég meina ég, vil að þú sleppir strax álfunum!" sagði _____.

"Ha ha!" hló galdrakarlinn. "Allt í lagi! En þá verðurðu líka að leysa þraut fyrir mig! Til að

Þú getir opnað fyrir álfunum þarf að opna 10 dyr. Dyrnar opnast ekki nema maður segi rétt lykilorð. Til að gera það auðveldara fyrir þig hef ég skrifað lykilorðin á hurðirnar - en það stendur með álfaskrift, svo að jafnvel þótt þú hafir lært að lesa geturðu ekki lesið það! Sjáum nú til hvernig þú stendur þig, krakkabjani!"

"Kannt þú að lesa, Álfús?" hvíslaði _____ vongóður. "Nei, ekki ennþá," hvíslaði Álfús í eyra hans. "En ég kann stafina í álfastafrófinu, og ég sé að öll orðin á hurðunum byrja á Á."

Nú var _____ orðinn örvæntingarfullur. "Ég kann heldur ekki að lesa og ég kann enga álfastafi. Hvernig eigum við að geta giskað á réttu orðin?" hvíslaði hann til Álfúsar.

"Ég veit!" hvíslaði Álfús til baka. "Reynum að nota töfrapokann sem prinsessan gaf okkur". Og _____ teygði hendina niður í pokann og dró upp lítið pappaspjald.

Þegar hann leit á spjaldið sá hann að öðrum megin var mynd og hinum megin stóð eitthvað með álfaskrift, alveg eins og á hurðunum. Hann skildi strax, að myndin sýndi hvaða orð þetta

var.

[_____ dregur eitt af öðru upp 10 slík spjöld úr pokanum. Í hvert sinn sleppa fleiri álfar út. Sjá fylgiskjal með myndum af spjöldunum og sýnishorn af álfaskriftinni auk myndarinnar hér fyrir ofan af kastala galdrakarlsins með "hurðunum" með álfaskrift. Orðin, sem börnin eiga að giska á út frá spjöldunum eru: ás, árar, Ástrikur, ánamaðkur, árekstur, á, átta, álf, áttaviti og ávextir.]

....

Nú voru allir álfarnir lausir úr prísundinni. Galdrakarlinn var orðinn rauður í framan af bræði. Hann skildi ekkert í því hvernig _____ hafði tekist að finna öll orðin. Í reiði sinni þaut hann inn í kastalann og skellti á eftir sér. En hann var aðeins of fljótur að skella hurðinni, því hann klemmdi sig á fingrunum og meiddi sig illilega! "Ái, ái, ái!" heyrðist hann hrópa gegnum hurðina.

Álfús gerði sig sýnilega aftur, og hún og _____ litu hvort á annað og hlógu að þessum heimska galdrakarli!

Upp frá þessu hafa þau verið bestu vinir og leika sér oft saman við álfasteininn.